



Fundur kosningastjórnar Sósíalístaflokks Íslands fimmtudaginn 26. september 2024, klukkan 17:00 í Bolholti 6 og á Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Halldóra Jóhanna Hafsteins, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Þórdís Bjarnleifsdóttir, Guðmundur Jón Erlendsson, Guðmundur Auðunsson, Hjálmar Friðriksson, Guðröður Atli Jónsson, Rán Reynisdóttir og Karl Héðinn Kristjánsson. Gestur fundarins var Jón Ferdinand Estherarson.

Halldóra ritar fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

#### **2. Umræða um form við val á lista.**

Umræða um skipulag vinnunnar fram undan.

Samþykkt að vinna að undirnefnd kosningastjórnar sem sjái um að setja fram aðferðafræði um val á framboðslista. Samþykkt að vísa til umræðu félagsfundar.

#### **3. Gjaldkeri og fjárhagsmál.**

Umræða um fjármál kosningastjórnar og fjármögnun kosningabaráttunnar. Guðmundi Auðunssyni gjaldkera kosningastjórnar falið að tala við gjaldkera Sósíalístaflokksins.

#### **4. Önnur mál.**

Umræður um áherslur Sósíalista, undirbúning kosningaefirlits og mögulega frambjóðendur.